



Ársskýrsla

2017

Umhverfis- og auðlindaráðherra



Málefnasviðið tekur til fjölbreyttra verkefna í þágu umhverfismála, þ.m.t. náttúruverndar og loftslagsmála. Með auknum fjölda ferðamanna hafa skapast nýjar áskoranir í náttúruvernd sem m.a. þarf að mæta með uppbyggingu innviða og aukinni landvörslu. Þá fjölga áskorunum í loftslagsmálum með ári hverju sbr. þróunina á heimsvísu. Hugmyndafræði hringræns hagkerfis er að ryðja sér til rúms á alþjóðavettvangi en hún snýr að meðferð úrgangsmála sem tilheyrir málefnasviðinu.

Í fjármálaáætlun 2017-2021 voru skilgreind eftirfarandi stefnumið fyrir málefnasviðið:

- Að landsmenn búi við heilnæm lífsskilyrði og hreint umhverfi og faglega og skilvirka stjórnsýslu umhverfismála.
- Að á Íslandi ríki almennur skilningur og samstaða um mikilvægi umhverfismála með áherslu á loftslagsmál, uppbyggingu innviða og sjálfbærni á öllum sviðum.
- Að tryggja að náttúran fái að þróast sem mest á eigin forsendum, röskuð vistkerfi séu endurheimt og byggð upp fjölbreytt gróðurauðlind.
- Að nýting náttúruauðlinda eigi að vera sjálfbær og byggja á vísindalegri þekkingu.
- Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.

Með framangreind stefnumið að leiðarljósi var ákveðið að leggja áherslu á að hafist yrði handa við mótun heildstæðrar stefnu um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og að tryggja nauðsynlega fjármögnun til þess sem og auka við landvörslu á friðlýstum svæðum og fjölsóttum ferðamannastöðum. Þannig voru í það heila lagðar 675 m.kr. til uppbyggingar á innviðum í þjóðgöðum; 400 m.kr. til áframhaldandi uppbyggingar gestastofu á Þingvöllum, 150 m.kr. til þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi og 125 m.kr. til byggingar gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Einnig voru settar 244 m.kr. til aukinnar landvörslu.

Aukið var við framlög til skógræktar með 64 m.kr. framlagi sem kemur til viðbótar við framkvæmd gildandi Sóknaráætlunar í loftslagsmálum 2016 til 2018.

Magn heimilisúrgangs, sem aukist hefur undanfarin ár, er vísbinding um neyslu og kaupmátt almennings. Það markmið var sett í úrgangsmálum að nýta skuli hugmyndafræði hringræna hagkerfisins til að koma í veg fyrir myndun úrgangs. Nauðsynlegt er að bregðast við með aðgerðum til að draga úr myndun úrgangs með hugmyndafræði hringræna hagkerfisins að leiðarljósi.

Bent er á að ársskýrslur ráðherra eru birtar með fyrirvara þar sem ríkisreikningur ársins lá ekki fyrir við gerð þeirra. Mögulegt er að fjárhæðir muni breytast lítillega við lokafrágang ríkisreiknings og verða skýrslurnar uppfærðar eftir því sem við á.

Í ársskýrslum ráðherra eru niðurstöður sýndar sem gjöld að fráðregnum rekstrartekjum. Hins vegar eru uppgjörstölur í frumvarpi til fjárlaga birtar með þeim hætti að afskriftir ársins eru dregnar frá útgjöldum málefnasviða og málaflokka og fjárfestingum ársins bætt við, en með því fæst skýrari samanburður við fjárheimildir samkvæmt fjárlögum.

Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Starfsemi ráðuneytisins á málefnasviði 17 Umhverfismál var bæði umfangsmikil og fjölbreytt á árinu 2017. Á sviði loftslagsmála var t.a.m. lögð fyrir Alþingi skýrsla um stöðu og stefnu í loftslagsmálum. Jafnframt var hafin vinna við gerð aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Á sviði náttúruverndar og uppbyggingu innviða var unnið að gerð stefnumarkandi Landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarögulegum minjum til tólf ára auk verkefnaáætlunar til þriggja ára. Fyrsta úthlutun samkvæmt verkefnaáætlun fór fram snemma árs 2018. Á árinu nýtti ríkið sér forkaupsrétt að jörðinni Felli í Suðursveit, sem m.a. nær yfir hluta Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi. Jörðin var síðan friðlýst í júlí sama ár og er nú hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Síðla sumars voru kynnt í ríkisstjórn áform um stofnun Þjóðgarðastofnunar sem síðar myndi taka yfir starfsemi annarra þjóðgarða og friðlýstra svæða. Í framhaldi var starfshópi komið á fót til að vinna að gerð lagafrumvarps um Þjóðgarðastofnun. Nefnd um forsendur fyrir stofnun miðhálandisþjóðgarðs, sem ráðherra skipaði í júlí 2016, skilaði af sér lokaskýrslu til ráðherra undir lok árs. Tekin var ákvörðun um stækkun friðlands í Þjórsárverum en með því stækkar friðlandið um tæpa 1.200 ferkílómetra og er orðið alls 1.563 ferkílómetrar að stærð. Á sviði stjórnýslu voru samþykkt lög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem fela í sér heimild fyrir ráðherra til

að kveða á um skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfa í ákveðnum tilvikum. Markmið með breytingunni er að einfalda ferlið við útgáfu starfsleyfa og leggja aukna áherslu á eftirlit með starfsemi sem fellur undir lögin. Er það einnig í samræmi við stefnu stjórnvalda um aukna rafræna stjórnýslu. Síðla árs var gefin út fyrsta stefnumiðaða áætlunin um loftgæði fyrir Ísland en hún gildir fyrir árin 2018–2029 og er meginmarkmið hennar að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.


Starfsemi á málefnasviði 6 Grunnskrár og upplýsingamál, og á málefnasviði 8 Sveitarfélög og byggðamál falla að hluta til einnig undir ábyrgð ráðherra umhverfis- og auðlindamála. Landmælingar Íslands heyra undir ráðuneytið en starfsemi stofnunarinnar tilheyrir málefnasviði 6 og verkefni stofnunarinnar varða grunngerð, öflun, viðhald og miðlun landupplýsinga. Helstu aðgerðir á árinu 2017 sneru að innleiðingu INSPIRE-tilskipunarinnar um landupplýsingar og opið aðgengi að þeim. Fjárlagaviðfangið Skipulagsmál sveitarfélaga (Skipulagssjóður) er starfrækt á grundvelli skipulagslaga og annast Skipulagsstofnun umsýslu hans, en stofnunin heyrir undir ráðuneytið en viðfangið tilheyrir málefnasviði 8. Gera má ráð fyrir auknum greiðslum úr sjóðnum á næstu árum s.s. vegna aukinna krafna við gerð skipulagsáætlana og vegna skipulagsáætlana haf- og strandsvæða.

Málefnasvið

Útgjöld, staða og frávík

Mynd 1

Rekstur og fjárfestingar – yfirlit yfir útgjöld málefnasviða sem heyra undir ráðherra



Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrargjöld umfram rekstrartekjur og fjárfestingar

■ Grunnskrár og upplýsingamál	313,6
■ Sveitarfélög og byggðamál	199,6
■ Umhverfismál	13.401,8

Tafla 1

Rekstur án fjárfestinga – málefna svið sundurliðuð á málaflokka

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik %
06 Grunnskrár og upplýsingamál	303	306	-3	-1%	1	-4	-1%
0610 - Grunnskrár og upplýsingamál	303	306	-3	-1%	1	-4	-1%
08 Sveitarfélög og byggðamál	200	197	3	2%	167	-164	-45%
0810 - Framlög til sveitarfélaga	200	197	3	2%	167	-164	-45%
17 Umhverfismál	12.130	11.467	664	6%	3.271	-2.607	-18%
1710 - Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	2.470	2.341	129	6%	55	74	3%
1720 - Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	1.693	1.727	-34	-2%	17	-51	-3%
1730 - Meðhöndlun úrgangs	3.913	3.694	219	6%	1.247	-1.028	-21%
1740 - Varnir vegna náttúruvá	1.066	595	471	79%	1.312	-841	-44%
1750 - Stjórnsýsla umhverfismála	2.988	3.109	-121	-4%	640	-761	-20%

Taflan sýnir m.a. frávik rekstrargjalda umfram rekstrartekjur (raun) frá fjárheimild ársins til rekstrar (áætlun ársins) í krónum og prósentum og frávik rekstrargjalda umfram rekstrartekjur frá fjárheimild ársins til rekstrar að viðbætti árslokastöðu fyrra árs.

Upplýsingar um rekstrargjöld umfram rekstrartekjur og fjárfestingar byggja á bráðabirgðatölum úr bókhaldi stofnana en endanlegar tölur lágu ekki fyrir við gerð skýrslunnar.

Í málaflokki 17.10 - Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 129 m.kr. eða 6% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs (uppsafnað frávik) er fráviknið neikvætt um 74 m.kr. eða 3%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikni eru:

- Neikvætt frávik hjá Vatnajökulsþjóðgarði að fjárhæð 185 m.kr. vegna hallareksturs. Gerð var úttekt á starfsemi stofnunarinnar á árinu 2018 og unnið er að hagræðingu í rekstri.
- Jákvætt frávik hjá Landgræðslu ríkisins að fjárhæð 177 m.kr. Þar af eru 140 m.kr. vegna millifærslu úr almennum varasjóði í lok ársins vegna flóða á austurlandi en kostnaður fellur til á árinu 2018.
- Neikvætt frávik hjá Þingvallabjóðgarði að fjárhæð 66 m.kr. sem skýrist að stærstum hluta af ófyrirséðum kostnaði í tengslum við endurbætur á þjónustumiðstöð.

Í málaflokki 17.20 – Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands er jákvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 34 m.kr. eða 2% en að teknu tilliti til höfuðstóls frá fyrra ári er fráviknið jákvætt um 51 m.kr. eða 3%.

Í málaflokki 17.30 - Meðhöndlun Úrgangs er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 219 m.kr. eða 6% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er fráviknið jákvætt um 1.028 m.kr. eða 21%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikni eru:

- Jákvætt frávik hjá Úrvinnslusjóð að fjárhæð 1.304 m.kr. en fráviknið skýrist af því að hluti tekna fer í að mæta framtíðarskuldbindingum einstaka vöruflokka.

- Neikvætt frávik hjá Endurvinnslunni hf. að fjárhæð 276 m.kr. Innheimt skilagjald og umsýsluþóknun umfram tekjuáætlun myndar neikvæða árslokastöðu á fjárlagalið.


Í málaflokki 17.40 - Varnir gegn náttúruvá er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 471 m.kr. eða 79% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er fráviknið jákvætt um 841 m.kr. eða 44%. Skýring á uppsöfnuðu frávikni eru:

- Jákvætt frávik hjá Ofanflóðasjóði að fjárhæð 841 m.kr. sem skýrist af seinkun einstakra framkvæmdaverkefna.

Í málaflokki 17.50 - Stjórnsýsla umhverfismála er jákvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 121 m.kr. eða 4% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er fráviknið jákvætt um 761 m.kr. eða 20%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikni eru:

- Jákvætt frávik hjá Umhverfisstofnun að fjárhæð 326 m.kr. sem skýrist m.a. af töfum á verkefnum s.s. vegna stjórnunar vatnamála, endurgreiðslu vegna refa og minkaveiða og uppsöfnuðum rekstrarafgangi fyrri ára.
- Jákvætt frávik hjá Mannvirkjastofnun að fjárhæð 356 m.kr. sem skýrist af uppsöfnuðum rekstrarafgangi fyrri ára og seinkun við uppbyggingu og þróun rafrænna gátta.
- Jákvætt frávik á fjárlagalið Ýmis verkefni að fjárhæð 64 m.kr. sem skýrist af töfum á einstaka verkefnum og uppsöfnuðum rekstrarafgangi.

Uppsöfnuð frávik/áætluð árslokastaða ríkisaðila og verkefna



Málaflokkar

Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna

17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 eru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla.

1. Að stuðlað sé að vernd náttúrunnar og aðgengi almennings að henni.

Markmiðið beinist einkum að því að byggja upp nauðsynlega innviði og þjónustu til að mæta sívaxandi ferðamannafjölda, s.s. með skipulegri uppbygging þjónustumiðstöðva, gerð göngustíga, aukinni landvörslu og fræðslu og leiðbeininga til ferðamanna.

2. Að byggð sé upp fjölbreytt skógarauðlind sem skili samfélaginu fjölbættum ávinningi m.a. í bindingu kolefnis, traustari byggð, öflugra atvinnulífi og betri lífsgæðum.

Markmiðið beinist einkum að þeirri stefnu að byggja upp skógarauðlind. Þetta markmið felur í sér aukna bindingu og minni losun kolefnis sem er jafnframt liður í stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Samfélagsleg áhrif markmiðsins leiða til traustari byggða, verðmæta-sköpunar og bættra lífsgæða.

Stöðumat markmiða

Unnið var að gerð verkefnaáætlunar fyrir árin 2018-2020 í samræmi við lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Um er að ræða fyrstu heildstæðu áætlunina sem gerir kleift að forgangsraða fjármunum til þeirra verkefna sem brýnust þykja. Jafnframt unnu þær stofnanir sem fara með umsjón lands í þágu náttúruverndar eða annarra verndarmarkmiða áfram að uppbyggingu innviða á þeim áfangastöðum sem voru undir hvað mestu álagi.

Verkefni í nýskógrækt á vegum Skógræktarinnar drógust lítilliga saman á árinu m.a. vegna aukins kostnaðar við plöntukaup. Auk þess hefur verið unnið að nýskógrækt innan Hekluskága og Landgræðsluskóga. Einnig hefur herra hlutfalli fjárveitinga verið varið til umhirðuverkefna í nytjaskógum en með því er leitast við að hámarka verðmæti skógarauðlindarinnar til lengri tíma. Endurheimt votlendis hefur aukist á liðnum árum og áhersla er lögð á að styrkja þekkingargrunn varðandi forgangsroðun, mat á grunnástandi og mat á árangri.

Tafla 2 Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.10

Mælikvarðar fyrir vernd náttúrunnar og aðgengi almennings að henni:	Viðmið 2017	Raun 2017
Fjöldi landvörsluvikna	Haldi í við fjölda ferðamanna	Hefur ekki haldið í við fjölda ferðamanna
Staða innviða	Ekki í samræmi við fjölda ferðamanna en búið að styrkja innviði m.v. grunnár	Ekki í samræmi við fjölda ferðamanna en hefur styrkt

Mælikvarðar fyrir að byggð sé upp fjölbreytt skógarauðlind:	Viðmið 2017	Raun 2017
Árleg nýræktun skóga (hektarar)	1.200	1.100
Stærð uppgrædds lands (hektarar)	15.000	18.200
Endurheimt votlendis (hektarar)	10	45

Árangursmælingar markmiða

Mælikvarðar fyrir fjölda landvörsluvikna og stöðu innviða og þau viðmið sem eru sett þeim til grundvallar gefa ekki nógu góða mynd af tilfærslu í átt að settu markmiði. Þess í stað hefur verið unnið að því að þróa matskerfi fyrir áfangastaði í náttúru Íslands sem varpað gæti skýrara ljósi á ástand þeirra.


Staða aðgerða

Þær aðgerðir sem skilgreindar voru miða að því að ná markmiðum málaflokksins. Þær aðgerðir, sbr. umfjöllun um málaflokkinn í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sem komu til framkvæmda á árinu 2017 eru eftirfarandi:

Tafla 3

Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.10

Aðgerðir 2017, sbr. fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp	Staða
Uppbygging innviða í formi þjónustumiðstöðva, skipulagningar og uppbyggingar á þjónustu og aðstöðu fyrir ferðamenn og starfsfólk, gerð nýrra göngu- og reiðleiða auk gerð göngustíga innan þjóðgarða og friðlýstra svæða.	Verkefni viðsvegar um landið eru í undirbúningi eða aðgerðir hafnar
Aukin landvarsla innan þjóðgarða og friðlýstra svæða.	Landvörðum fjölgað
Skógrækt og landgræðsla með nýjum skógræktarverkefnum og faglegri styrkingu Skógræktarstofnunar í kjölfra sameiningar stofnunarinnar og skógræktarverkefna í landinu.	Unnið eftir nýju skipuriti Skógræktarinnar



17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 er skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands.

- 1. Að fullnægjandi grunnupplýsingar liggi fyrir um náttúru landsins, á landi og í hafi, til að taka sem bestar ákvarðanir um nýtingu og vernd og að þeim upplýsingum sé miðlað til almennings og stjórnvalda.**

Markmiðið beinist einkum að flokkun vistgerða og kortlagningu búsvæða dýra og plantna. Samfélagsleg áhrif markmiðsins felast einkum í því að meta verndargildi og verndarþörf vistgerða og tegunda.

Stöðumat markmiða

Kortlagning á vistgerðum á Íslandi liggur fyrir og unnið var að mati á verndargildi mismunandi vistgerða. Þessar upplýsingar eru grunnurinn að tillögum um net verndarsvæða á framkvæmdaáætlun náttúruinjaskrár og miða að frekari vernd vistgerða og tegunda. Lokið er gerð vöktunaráætlana fyrir fugla og æðplöntur og grunnur lagður að reglulegri birtingu vöktunarniðurstaðna. Vinna var hafin við gerð vöktunaráætlunar fyrir vistgerðir og spendýr.

Tafla 4

Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.20

Mælikvarðar fyrir að fullnægjandi grunnupplýsingar liggi fyrir um náttúru landsins:	Viðmið 2017	Raun 2017
Staða verkefna	Ekki var sett fram viðmið fyrir árið	Gert er ráð fyrir að verkefnum sé lokið fyrir árslok 2019

Staða aðgerða

Unnið er að uppbyggingu gagnagrunns um náttúruminjar. Vinna varðandi vistgerðir er lengst á veg komin en þar liggur nú fyrir heildarkortlagning sem gerð hefur verið aðgengileg á vefsíðu.

Tafla 5 Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.20

Aðgerðir 2017, sbr. fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp

Staða

Gerð rafræns gagnagrunns um náttúruminjar og til skráningar náttúru-
fyrirbæra sem njóta sérstakrar verndar, auk vef- og gagnasjár á gögn.

Aðgerð hafin

17.30 Meðferð úrgangs

Í fjárlögum fyrir árið 2017 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 17.30 Meðferð úrgangs

1. Að nýta hugmyndafræði um hringrænt hagkerfi til að koma í veg fyrir myndun úrgangs.

Markmiðið beinist einkum að því að stíga fyrstu skref í að draga úr myndun úrgangs með því að rannsaka og hvetja til aðgerða er draga úr matarsóun og tilheyrandi urðun lífræns úrgangs sem og að draga úr eða hætta notkun plastpoka. Samfélagsleg áhrif markmiðsins eru einkum talin felast í því að koma í veg fyrir sóun fjármuna heimila landsins, minni urðun og losun plastefna út í náttúruna sem stuðli að hreinni sjó, vatni og framleiðsluafurðum sem taka til sín plastagnir.

Stöðumat markmiða

Árið 2016 var magn úrgangs sem féll til árinu á Íslandi yfir milljón tonn. Árið áður hafði magnið verið um 870 þúsund tonn og var aukningin á milli ára rétt tæp 200 þúsund tonn, eða 23%. Þetta er mun meiri aukning en varð á milli árunna 2014 og 2015 en þá reyndist aukningin tæp 7%. Þessa þróun verður íslenskt samfélag að líta alvarlegum augum og bregðast við með aðgerðum til að draga úr myndun úrgangs.

Árangursmæling markmiða

Magn heimilisúrgangs á hvern íbúa/ári: Rauntölur fyrir árið 2017 liggja ekki fyrir en miðað við er við tölur fyrir árið 2016 er kemur í ljós að magn heimilisúrgangs jókst mikið á milli ára, hvort tveggja blandaðs heimilisúrgangs og flokkaðs. Magn heimilisúrgangs er gjarnan notað sem vísbending um neyslu og kaupmátt almennings og það er yfirleitt notað þegar úrgangsmagn er borið saman á milli landa. Á milli árunna 2016 og 2015 jókst heimilisúrgangur um 13% og er staðan orðin sú að hver landsmaður losar sig að jafnaði við 660 kg af heimilisúrgangi á ári. Það er sama magn og hver íbúi losaði sig við fyrir hrun efnahagskerfisins árið 2008 en árin strax eftir hrun varð mikill samdráttur í magni heimilisúrgangs en það hefur síðan aukist aftur síðustu ár samhlíða aukinni velmegun.

Umhverfisstofnun gaf út eitt ráðgefandi álit um endurnýtingu úrgangs í samræmi við reglugerð um endurnýtingu úrgangs. Álit Umhverfisstofnunar styður við endurnýtingu úrgangs og hringrásarhagkerfið með því að opna leið til að breyta úrgangi aftur í vöru, með endurnýtingaraðgerð, jafnvel þótt ekki liggi fyrir sérstök viðmið um lok úrgangsfasa. Fyrirtæki sem endurnýta úrgang geta því markaðssett úrgangsafurð sína sem vöru að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Gert er ráð fyrir að þessi mælikvarði verður endurmetinn á árinu 2018.

Tafla 6

Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.30

Mælikvarðar fyrir að koma á hringrænu hagkerfi þar sem markvisst er komið í veg fyrir myndun úrgangs:	Viðmið 2017	Raun 2017
Magn heimilisúrgangs á hvern íbúa/ári	Aukist ekki	Hefur aukist (tölur fyrir 2017 liggja ekki enn fyrir)
Fjöldi ráðgefandi álita Umhverfisstofnunar (sbr. reglugerð 1078/2015) um endurnýtingu úrgangs	6	1

Staða aðgerða

Á árinu var lögð sérstök áhersla á aðgerðir til að draga úr matarsóun og notkun plastpoka sem lið í að innleiða hugmyndafræði um hringrásarhagkerfi.

Umhverfisstofnun vann að nokkrum matarsóunarverkefnum á árinu. Samstarfshópur um aðgerðir gegn matarsóun er starfandi. Umhverfisstofnun starfrækir fræðsluvefsíðuna matarsoun.is og fór í fræðsluherferð um fyrningardagsetningar og geymslu matvæla auk þess sem stofnunin stóð að viðburðum og fræðslu um matarsóun. Umhverfisstofnun endurtók könnun á viðhorfi Íslendinga til matarsóunar. Í könnuninni voru viðmælendur spurðir að því hvort þeir reyndu að lágmarka magn matarsóunar á sínu heimili, hversu títt þeir hentu mat og hverjar væru helstu ástæður þess.

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að litlar breytingar hafa orðið á viðhorfi fólks frá árinu 2015 þrátt fyrir samróm um að umræða um matarsóun hefði aukist til muna undanfarna mánuði.

Unnið var að framkvæmd aðgerðaráætlunar til að draga úr notkun plastpoka 2016-2018 en framkvæmdin hefur hins vegar ekki gengið sem skyldi. Samningi Samtaka verslunar og þjónustu og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um efnið var sagt upp á árinu. Breytingar á lögum um úrvinnslugjald voru gerðar í janúar 2017 til að hægt yrði að taka saman tölulegar upplýsingar um notkun einnota burðarplastpoka á Íslandi. Umhverfisstofnun hefur notað ýmis tækifæri til að koma skilaboðum um að draga úr notkun plastpoka á framfæri og upplýst áhugasamar verslanir um hvernig hægt sé að nálgast verkefnið með árangursríkum hætti.

Tafla 7

Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.30

Aðgerðir 2017, sbr. fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp	Staða
Framkvæmd rannsókna í því skyni að þróa aðferðir og fræðsluefni sem nota má til að hvetja almenning og fyrirtæki til að koma í veg fyrir matarsóun.	Aðgerð komin vel á veg
Framkvæmd rannsókna í því skyni að þróa aðferðir og fræðsluefni sem nota má til að hvetja almenning, fyrirtæki og sveitarfélög til að draga úr eða hætta alfarið notkun plastpoka.	Aðgerð hafin

17.40 Varnir gegn náttúruvá

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 eru ekki skilgreind nein markmið fyrir málaflökkinn né aðgerðir tengdum þeim ásamt tilheyrandi árangursvísium þar sem í gangi var endurskoðun áætlunar um uppbyggingu og rekstur ofanflóðamannvirkja sem gæti haft stefnumótandi áhrif fyrir málaflökkinn.

Á árinu var unnið að gerð varnargarða undir Gleiðarhjalla á Ísafirði og að framkvæmdum við upptakastoðvirki í Kubba á Ísafirði og í Hafnarhyrnu á Siglufirði. Einnig var unnið að krapaflóðavörnum í Ljósá í Eskifirði og uppsetningu snjó-söfnunargrinda uppi á Brellum ofan Urða, Hóla og Mýra á Patreksfirði. Þá var komið fyrir grunnvatnsmælum undir Urðarbotnum og Nes- og Bakkagiljum í Neskaupstað.

Þá var unnið að frumathugunum vegna varna við Geirs-eyrargil/Stekkjargil á Patreksfirði, við Gilsbakkagil/Stekkagil og á Milligiljasvæði á Bíldudal, í sunnanverðum Hnífssdal, undir Bjólfi í Seyðisfirði og endurskoðun frumathugunar vegna upptakastoðvirkja í Drangagili í Neskaupstað. Hafin var vinna við mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda við varnir við Urðir, Hóla og Mýrar á Patreksfirði. Einnig var hafist handa við hönnun varna undir Urðarbotnum í Neskaupstað, unnið áfram að hönnun krapaflóðavarna í Lambeyrará sem og hafin tilraunavinna vegna hönnunar karapaflóðavarna á Patreksfirði og Bíldudal. Þá var unnið að ýmsum hættumatsverkefnum vegna ofanflóða sem og að undirbúningi vegna hættumats vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða.

17.50 Stjórnsýsla umhverfismála

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 er skilgreint eitt markmið fyrir málaflökk 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála.

1. Að stuðla að vernd náttúrunnar, sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Markmiðið beinist einkum að stjórnsýslu í tengslum við náttúruvernd. Samfélagsleg áhrif markmiðsins eru einkum talin felast í því að ganga ekki á viðkvæma náttúru landsins

Stöðumat markmiða

Unnið var að friðlýsingum sem stjórnvöld hafa þegar samþykkt að ganga skuli fram s.s. samkvæmt náttúruverndar-áætlun og áætlun um vernd og nýtingu orkusvæða. Einnig hefur verið unnið að gerð og endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Stjórnunar- og verndaráætlanir liggja fyrir á stórum hluta þess lands sem er í umsjón stofnana ráðuneytisins, þ.m.t. Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Árangursmælingar markmiða

Mælikvarði á hlutfall lokinna stjórnunar- og verndaráætlana tekur ekki tilliti til flatarmáls þeirra svæða þar sem unnar hafa verið stjórnunar- og verndaráætlanir heldur einungis fjölda þeirra.

Staða aðgerða

Á árinu var unnið að gerð 19 stjórnunar- og verndaráætlana fyrir svæði í umsjón Umhverfisstofnunar og lokið var við 6 þeirra.

Tafla 8 Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflökki 17.50

Mælikvarðar fyrir að stuðla að vernd náttúrunnar, sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu auðlinda:

Viðmið 2017

Raun 2017

Hlutfall lokinna stjórnunar- og verndaráætlana af friðlýstum svæðum í heild

31%

11%

Tafla 9 Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflökki 17.50

Aðgerðir 2017, sbr. fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp

Staða

Framfylgni náttúruverndarlaga með áherslu á gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði.

Aðgerð hafin

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Engin ráðstöfun úr varasjóðum átti sér stað á árinu.

Verkefna- og rekstrarstyrkir

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitir árlega styrki til verkefna sem falla undir málefnasvið ráðuneytisins og eru á vegum félaga, samtaka og einstaklinga. Markmið verkefnastyrkja er að styrkja einstök verkefni á sviði gróðursetningar, skógræktar og náttúrverndar, til loftslagstengdra verkefna, til verkefna um fjölbreytni lífríkis, vistvænna ferðamáta, rannsóknna á líf- og dýraríki og til ýmiskonar þekkingaröflunar með þátttöku í erlendu samstarfi auk annarra umhverfisverkefna. Í verkefnaúthlutun ráðuneytisins af fjárlögum 2017 voru 33,4 milljónir króna til ráðstöfunar. Heildarupphæð umsókna um verkefnastyrki nam rúmlega 154,5 milljónum króna en styrkir voru veittir til 38 aðila að upphæð 33,4 m.kr. Yfirlit yfir styrkhafa verkefnastyrkja má sjá í viðauka.

Rekstrarstyrkir eru veittir félagasamtökum sem starfa á málsviði ráðuneytisins, eru opnir fyrir almennri aðild og starfa ekki í hagnaðarskyni. Í ár námu umsóknir tæpum 59 milljónum króna en til úthlutunar voru tæpar 13 milljónir. Styrkir voru veittir til 11 aðila. Yfirlit yfir styrkhafa rekstrarstyrkja má sjá í viðauka.

Viðauki

Yfirlit yfir útgefið efni

Myndir:

- Mynd 1: Rekstur og fjárfestingar – yfirlit yfir útgjöld málefнасviða sem heyra undir ráðherra
- Mynd 2: Frávik ríkisaðila og verkefna og árslokastaða

Töflur:

- Tafla 1: Rekstur án fjárfestinga – málefнасvið sundurliðað niður á málaflokka.
- Tafla 2: Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.10
- Tafla 3: Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.10
- Tafla 4: Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.20
- Tafla 5: Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.20
- Tafla 6: Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.30
- Tafla 7: Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.30
- Tafla 8: Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.50
- Tafla 9: Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.50

Málefнасviðsstefnur:

- **Í fjármálaáætlun 2017-2021** má finna þær málefнасviðsstefnur sem falla undir ráðuneytið.
 - » Málefнасvið 17 Umhverfismál er að finna á bls. 157 - 164.
 - » Málefнасvið 6 Grunnskrár og upplýsingamál er að finna á bls. 111 - 114.
 - » Málefнасvið 8 Sveitastjórnir og byggðamál er að finna á bls. 118 - 121.
- **Í fjárlagafrumvarpi 2017** má nálgast umfjöllun um þau málefнасvið er heyra undir ráðuneytið.
 - » Umfjöllun um málefнасvið 17 Umhverfismál er að finna á bls. 320 til 333 en einnig í tölulegri umfjöllun á bls. 8, 28 - 30, 44 - 45, 115, 133, 140 og 146.
 - » Umfjöllun um málefнасvið 6 og aðkomu Landmælinga Íslands má finna á bls. 207 - 215.
 - » Umfjöllun um málefнасvið 8 og aðkomu Skipulagssjóðs má finna á bls. 224 - 230.

Verkefna- og rekstrarstyrkir:

- Á **vefsíðu** umhverfis- og auðlindaráðuneytis má sjá yfirlit yfir þá sem þáðu verkefnastyrki af fjárlögum 2017, tilefni styrkveitingar og upphæð.
- Á **vefsíðu** umhverfis- og auðlindaráðuneytis má sjá yfirlit yfir þá sem þáðu styrki af fjárlögum 2017 til reksturs félagasamtaka á sviði umhverfismála og upphæð styrkveitingar.